



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2026

ENSK2OR05

orðaforði og ritun

Kennari/kennarar:	Erna Jóhannesdóttir (ERJ) ernaj@fsu.is
	Sigurbjörn Már Valdimarsson (SMV) sigurbjorn@fsu.is

Áfangalýsing:

Markvisst er unnið með almenna og sérhæfða texta og reynt að byggja upp akademískan orðaforða. Nemendur eru þjálfaðir í skipulegri framsetningu ritaðs og talaðs máls, bæði hvað varðar uppbyggingu og orðaforða. Auk þess verður unnið að því að byggja upp færni í samskiptum og umræðum á ensku um málefni sem snerta á fjölbreyttum viðhorfum og gildum.

Undanfari: ENSK2OL05

Þekkingarviðmið: Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- Orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins, þ.m.t. orðasamböndum og þverfaglegum orðaforða.
- Helstu hefðum um uppsetningu og skipulag ritaðs máls, s.s greinamerkjasetningu.
- Ólíkum viðhorfum og gildum og hvernig þau móta menninguna í þeim löndum þar sem tungumálið er notað og geti tengt þau eigin samfélagi og menningu.
- Notkun tungumálsins til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins bæði munnlega og skriflega.

Leikniviðmið: Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- Lestri margs konar gerða af textum og beita þeim lestraraðferðum sem við eiga eftir því hvernar gerðar textinn er.
- Að skrifa margs konar texta, formlega og óformlega, og fylgja helstu rithefðum og reglum um málbeitingu.
- Að taka virkan þátt í samskiptum á viðeigandi hátt og beita málfari við hæfi.
- Að tjá sig skýrt og hnökralaust um málefni sem hann hefur kynnt sér og undirbúið.

Hæfniviðmið: Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Skilja daglegt mál, svo sem samræður og fjölmiðlaefni, hvort sem hann þekkir umræðuefnið eða ekki.
- Skilja án vandkvæða megininntak erinda og rökræðna, jafnvel um tiltölulega flókið efni, ef hann þekkir vel til þess.
- Tileinka sér efni ritaðs texta og hagnýta á mismunandi hátt.
- Lesa texta þar sem ákveðin viðhorf eða skoðanir eru kynntar, átta sig á tilgangi og afstöðu textahöfundar og bregðast við eða tjá skoðanir sínar munnlega eða skriflega um efni þeirra.
- Lesa á milli línanna, átta sig á dýpri merkingu í texta.
- Taka þátt í skoðanaskiptum og haga orðum sínum í samræmi við aðstæður og tjá sig á skýran og áheyrilegan hátt.
- Skrifa margs konar texta og fylgja þeim ritunarhefðum sem eiga við í hverju tilviki fyrir sig.

Námsefni:

- Academic Skills Level 3 - Sarah Philpot and Lesley Curnick
- Novel: 1984 by George Orwell
- Námsefni frá kennara

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
1- 4	6- 30. janúar	Kennsla hefst fim. 8. janúar.	• Áfangakynning • Novel, 1984 • Reading-check exams (1984) • In-class assignments and discussion (1984)
5 - 8	2-27. febrúar	Miðannarmat lokaskil 20.febrúar. Vorfrí 23. – 24. febrúar. Starfsþróunardagur í FÁ 27.febrúar.	• In-class essay (1984) • Oral Exam (1984)
9 - 12	1-27. mars.	Áfangamessa 4. mars Valdagur 11. mars Kátir dagar og Flóafár 18-20. mars.	• Articles • Academic Skills 8 • Reading comprehension exam #1
13 - 16	7.- 30. apríl		• Article presentation/ discussion) • Research essay • Academic skills 9
17 - 19	4.- 24. maí	Dimissjón 8. Maí Síðasti kennsludagur mið. 13. maí. Námsmatsdagar 15. - 19.maí Sjúkrapróf 20. maí. Brautskráning fös. 29. maí.	• Academic Skills 10 • Academic Skills exam • Reading comprehension exam #2 • Munnleg próf

Sérreglur áfangans:

- Gefin er einkunnin 0/núll fyrir próf sem ekki er tekið og verkefni sem ekki er skilað nema skráð viðurkennd forföll komi til. Nemendur sem eru löglega afsakaðir þreyta ólokin próf í lok annarinnar eða eftir samkomulagi við kennara.
- Kennari áskilur sér rétt til þess að lækka einkunn fyrir sein skil. **0.5** fyrir hvern dag sem skilað er seint. Eftir viku er hámarkseinkunn fyrir verkefni **5**. Séu gildar ástæður fyrir seinum skilum skal hafa samráð við kennara **tímanlega**.
 - **Athugið að þessar reglur gilda líka um eldri nemendur.**
- Samkvæmt stefnu deildarinnar, er **ritstuldur** (plagiarism) óásættanlegur. Eftirfarandi flokkast sem ritstuldur og gæti skilað nemendum einkunninni **0**:
 - Texti tekinn óbreyttur frá öðrum (copy/paste)
 - Texti unnin af gervigreind (ChatGPT, Copilot, Gemini eða annarri gervigr.)
 - Fá lánuð verkefni frá öðrum nemendum (gildir bæði um þann sem lánar og fær lánað).

Reglur skólans um svindl og notkun gervigreindar

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/reglur-um-svindl-i-verkefnum-og-profum>

Ef að grunur um ritstuld og/eða óleyfilega notkun á gervigreind vaknar gætu nemendur þurft að gera munnlega grein fyrir verkefni/prófi.

Sömu reglur gilda um notkun gervigreindar við skrif og gilda um heimildaskráningu almennt. Reglur um heimildaskráningu má finna á heimasíðu skólans. <https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/heimildaskraning-leidbeiningar>

Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Reading	Reading-check exams (Novel, 1984)	10%
	Reading comprehension (Articles)	10%
Reading/Speaking	Speaking exam (1984)	10%
Writing	In-class essay (1984)	10%
	Research essay	15%
Speaking	Speaking exam (discussing topic of research essay)	10%
	In-class participation	10%
Presenting	Smaller groups presentation/discussion (articles)	5%
	Formal group presentation	10%
Reading, writing, vocabulary	Academic Skills – Exam	10%
Samtals		100%

Námsmats- og prófsýningardagur er í lok hverrar annar.

Námsmats- og prófsýning er mikilvægur hluti af náminu því þar færðu:

- tækifæri til að sjá hvernig þér gekk.
- útskýringu á námsmati hvort sem um lokapróf eða símat er að ræða.
- ráðleggingar sem geta nýst þér í áframhaldandi námi.

- tækifæri til að gera athugasemd við niðurstöðu námsmatsins ef þér þykir hún ósanngjörn.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Fjölbrautaskóli Suðurlands, 7. janúar 2026

Erna Jóhannesdóttir og Sigurbjörn Már Valdimarsson